

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnslína í jörð, frá Hóli til Böggvisstaða í Dalvíkurbyggð.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2020/8



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Hesthústóft á Jarðbrú, mynd tekinn í vestur.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2020/8

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	17
HEIMILDASKRÁ.....	18

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar raflína í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Hóli í Svarfaðardal til Böggvisstaða. Verkefnið er á ætlun sumarið 2021.

Skráningin fór eftir uppmælingar gögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í fyrri hluta September 2020.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum og landeigendum fyrir upplýsingar um fornleifar og staðarhætti og leyfi til þess að ganga um landið. Til var eldri fornleifaskráning af svæðinu frá 2000 sem Fornleifastofnun Íslands gerði og var hún til hliðsjónar þegar lagnaleiðin var valinn. Mikilvægt var þó að endurskoða þá skráningu og þá helst með tillit til þess hve mikil skekkjumörk GPS tækja var fyrir 20 árum. Einnig hafa ýmsar framkvæmdir átt sér stað á svæðinu síðan skráningin var gerð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2553.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

¹ Heimasíða Minjastofnunar.

² Heimasíða Minjastofnunar.

kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁷

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Ísland. Ásamt því að tala við heimildarmenn sem þekktu vel til á svæðinu.

Til voru mjög ítarleg fornleifaskráning á svæðinu en Fornleifastofnun Íslands hafði gert fornleifaskráningu í Svarfaðardal. Það þurfti þó að endurskoða þá skráningu þar sem hún var frá 2000 og skekkjumörk á GPS hnitunum var töluvert meiri þá heldur en er í dag.

Farið var í vettvangskonun þar sem farið var um svæðið og þar sem minjastaðir fundust eða voru innan 15 m frá framkvæmdasvæðinu, þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93). Upplýsingar skráðar um þá, staðir ljósmyndaðir og mældir upp með trimble stöð. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2019. Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁷ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskráning

Hóll og Þorleifsstaðir:

Framkvæmdasvæði Rarik byrjar á Hóli í Svarfaðardal og liggur í gegnum eyðijörðina Þorleifsstaði. Ekki voru neinar skráðar fornleifar nærri legu rafmagnslínunnar enda liggur hún fyrir neðan veg að mestu í ræktuðum túnnum. Bæjarstaði beggja jarðanna eru töluvert fyrir ofan þjóðveg ásamt þeim fornleifum sem skráðar voru á svæðinu.

Urðir:

Fornleifanúmer: 2553-01

Hnit: A513967.3 N596283.6 ISN93

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Steinn

Tveir hestasteinar eru skammt norðan við íbúðarhúsið á Urðum. Í fornleifaskráningunni frá 2000 er minnst á að það hafi þurft að fjarlægja annan þeirra þar sem hann lenti í norðvesturhorni steypa hússins.⁸ Fyrri steinninn er um 4,5 norð-vestur af íbúðarhúsinu. Steininn er í kringum 70 cm á hæð og um 25 cm á breidd og er hringur í honum.



Mynd 1. Hestasteinn norð-vestur af húsinu á Urðum, mynd tekinn í suð-vestur.

⁸ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 169.

Fornleifanúmer: 2553-02

Hnit: A513990.6 N596289.3 ISN93

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Steinn

Seinni hestasteinninn er í um 5 m norð-austur af íbúðarhúsinu. Hæð steinsins er um 1 m á og um 0,34 m á breidd og er einnig hringur í honum.



Mynd 2. Hestasteinn norð-austur af íbúðarhúsinu, mynd tekinn í suð-austur.

Fornleifanúmer: 2553-03

Hnit: A513980.5 N596314.7 ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Gamal torfhús stóð um síðustu aldamót og síðar timburhús aðeins ofan við núverandi íbúðarhús en var rífið 1997.⁹ Samkvæmt túnkorti og upplýsingum frá heimildarmanni¹⁰ þá var gamla bæjarstæðið í kringum 10 m fyrir ofan nýja bæinn. Ekki sjást neinar leifar af eldri byggingum á grasi vaxni flöt.

Fornleifanúmer: 2553-04

Hnit: A514053.1 N596256.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu voru útihús nokkurn veginn þar sem núverandi útihús og heimreiðin eru. Ekki eru miklar líkur á að einhverjar leifar séu eftir af þeim vegna framkvæmda.

⁹ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 165.

¹⁰ Einar Hafliðason, munnleg heimild.

Fornleifanúmer: 2553-05

Hnit: A516298.9 N597515.3 ISN93

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Tóft

Sandhólagarður er landamerkjagarður sem liggur úr fjalli og niður að árbakka. Garðurinn er forn landamerkjagarður á milli Urða og Skröflustaða.¹¹ Garðurinn er um 1,4 km í norð-austur frá íbúðarhúsinu á Urðum. Vegurinn hefur verið lagður í gegnum hann en fyrir neðan veg sést hann á um 18 m kafla en fyrir ofan veg nær hann langt upp í fjallhlíðina. Garðbúturinn fyrir neðan veg er um 0,4-0,9 m á hæð og um 1,4 á breidd.



Mynd 3. Sandhólagarður, mynd tekinn í suður.

Hreiðarsstaðakot:

Fornleifanúmer: 2553-06

Hnit: A516298.9 N597515.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu voru útihús um 150 m norð-austur af íbúðarhúsinu á Hreiðarsstaðakoti eða um 30 m sunnan við veginn. Ekki sjást neinar leifar af þessu húsi í ræktuðu túni.

Hreiðarsstaðir:

Fornleifanúmer: 2553-07

Hnit: 516460.8 597774.5 ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Mógrafir voru beint upp af útihúsunum á Hreiðarsstöðum fyrir ofan veg eða um 150 m í norð-vestur af útihúsunum. Ekki reyndist hægt að meta stærð þeirra þar sem búið var að fylla þær af heyafgangi og öðrum úrgangi.

¹¹Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 170.

Fornleifanúmer: 2553-08

Hnit: A516526.7 N597722.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakortinu voru útihús um 60 m beint fyrir ofan útihúsin á Hreiðarsstöðum um 50 m fyrir neðan þjóðveginn. Ekki sjást neinar leifar af þeim í ræktuðu túni.

Þverá, Steindyr og Bakki:

Ekki voru neinar skráðar fornleifar nærri framkvæmdasvæðinu á þeim jörðum og ekki fundust heldur á loftmyndum né við vettvangsskráningu. Ekki vissu heimildarmenn heldur um neinar menningarminjar á þessum slóðum.

Syðra-Garðshorn:

Fornleifanúmer: 2553-09

Hnit: A518154.6 N600196.9

ISN93

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Skammt norðan við merkin milli Bakka og Syðri-Garðshorn eru svaðargrafir eða um 370 m suðvestur af íbúðarhúsunum á Syðri-Garðshorni. Bakkarnir af gröfunum eru mjög greinilegir í vestur og norður en fjara svo nokkurn veginn út. Lengd bakkanna er um 35 m til vestur og 50 m til norðurs einnig er um 7 m bakki til austurs. Skurðurinn sem aðskilur jarðirnar Bakka og Syðri-Garðshorn er svo til suðurs við þær.



Mynd 3. Mógrafir, mynd er tekinn í norðvestur.

Ytra-Garðshorn:

Engar skráðar fornleifar eru í eða nærri framkvæmdasvæðinu á Ytra-Garðshorni né fundust við skoðun á loftmyndum og vettvangskonun.

Syðri-Grund:

Fornleifanúmer: 2553-10

Hnit: A518671.3 N601051.3 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóftir

Á milli jarðanna Ytri-Garðshorns og Grundar er merkjagarður. Garðurinn er þar sem núna er girðingarstæði og er hann mjög greinilegur á um 63 m kafla en virðist svo fjara út. Garðurinn virðist vera frá 0,2-1 m hár og breidd um 2 m. Hann er talinn vera suðurhlið á túngarði Blakksgerðis¹² en bærinn heitir Syðri-Grund í dag.



Mynd 4. Merkjagarður milli Syðri-Grundar og Ytra-garðshorns, mynd tekinn í norð-vestur.

Grund:

Fornleifanúmer: 2553-11

Hnit: A518958.9 N601420.3 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti þá var sáðreitur um 15 m norð-vestur af núverandi íbúðarhúsi.

Hluti af honum var þar sem nú er vegur í kringum útihúsin og hluti þar sem lóðin í kringum íbúðarhúsið er. Ekki var hægt að sjá neinar leifar af honum á svæðinu.

¹² Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 127.

Brekka:

Fornleifanúmer: 2553-12

Hnit: A519076.8 N602017.8 ISN93

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt örnefnaskrá þá er örnefnið Þórðargerði syðst á túninu og þar voru fjárhús.¹³ Ekkert sást til tófta en hóll var á túninu sem gps hnit var tekið af.

Fornleifanúmer: 2553-13

Hnit: A519071.7 N602189.6 ISN93

Hlutverk: Bæjarhús

Tegund: Heimild

Torfbærinn hefur staðið um 15 m austan við steynsteypa húsið á Brekku sem stendur í dag.¹⁴ Engar leifar eru af því í heimreið eða túni.

Fornleifanúmer: 2553-14

Hnit: A519083.6 N602179.4 ISN93

Hlutverk: Sáðreitir

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var sáðreitir fast austan við bæjarhúsin ekkert sést af honum í túni.

Fornleifanúmer: 2553-15

Hnit: A519068.4 N602171.3 ISN93

Hlutverk: Sáðreitir

Tegund: Heimild

Annar sáðreitir var einnig á túnakortinu fast sunnan við bæjarhúsin, ekkert sést af honum í heimreiðinni eða túninu

Brekkukot:

Fornleifanúmer: 2553-16

Hnit: A519203.6 N 602422.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Á túnakortinu þá er útihús um 130 m suð-austur af húsunum á Brekkukoti enginn ummerki sjást um það í túni.

Fornleifanúmer: 2553-17

Hnit: A519209.4 N 602536.3 ISN93

Hlutverk: Bæjarhús

Tegund: Heimild

Bærinn stóð sunnan og ofan við Jarðbrú og nokkuð austar en Brekka og um 300-400 m norðar en hann var jafnaður við jörðu 1970.¹⁵

¹³ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 118.

¹⁴ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 117.

¹⁵ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 115.

Bærinn hefur staðið um 155 m suð-austur af núverandi íbúðarhúsi á Brekkukoti. Ekki sjást neinar leifar af bænum.

Fornleifanúmer: 2553-18

Hnit: A519221.7 N 602532.3 ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Á túnakortinu var fast austan við bæjarhúsin sáðreitur ekkert sést af honum í túninu.

Jarðbrú:

Fornleifanúmer: 2553-19

Hnit: A519239.4 N602682.5 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Í um 160 m í norð- vestur frá íbúðarhúsinu á Jarðbrú er tóftir í hesthúsbrekku. Liggja þær rétt sunnan við lækinn á grasi vöxnu svæði. Tóftirnar eru um 9 m langar og um 6 m breiðar.

Hleðsluhæð er frá 0,5-1,6 m og breidd veggja um 2 m.



Mynd 5. Hesthústóft, mynd tekinn í vestur.

Fornleifanúmer: 2553-20

Hnit: A519259.9 N602698.7

ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Ofan við veginn norðan við lækinn er Fjárhúsbrekka þar stóðu fjárhús en var sléttað yfir um 1950.¹⁶ Tóftin hefur verið um 20 m norð-austur af hesthús tóftinni í Hesthúsbrekku. Enginn ummerki eru um hana lengur.

Laugahlíð (Tjarnar-Garðshorn):

Engar skráðar fornleifar né fundust á loftmyndum og við vettvangsrannsókn á Laugahlíð.

Tjörn:

Fornleifanúmer: 2553-21

Hnit: A519427.6 N603599.1 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakort ætti að vera hrútakofi um 130 m í suð-vestur af íbúðarhúsinu á Tjörn en samkvæmt heimildarmanni þá var kofinn nær því að vera beint upp af íbúðarhúsinu á Tjörn þó aðeins suð-vestur um 160 m frá því.¹⁷ Enginn ummerki eru um hann í miðju túni.

Ingvarir:

Fornleifanúmer: 2553-22

Hnit: 519648.7 604441.8

ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Samkvæmt túnakorti var útihús um 130 m í suð-austur af íbúðarhúsinu á Ingvörum. Enginn ummerki eru um það í túni.

Syðra-Holt-Helgafell:

Fornleifanúmer: 2553-23

Hnit: 519800.3 605059.6

ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Fast sunnan við gamla bæjarstæðið var sáðreitur samkvæmt túnakortinu eða um 10 m suð-austur af nýja íbúðarhúsinu á Helgafelli. Enginn merki eru um hann í ræktuðu túni.

Fornleifanúmer: 2553-24

Hnit: 519799.1 605073.7

ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Bæjarstæðið var skammt sunnan við þar sem íbúðarhúsið stendur í dag.¹⁸

Enginn ummerki eru um það í ræktuðu túni eða heimreið.

¹⁶ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 112.

¹⁷ Kristján Eldjárn Hjaltason, Munnleg heimild.

¹⁸ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 96.

Syðra-Holt:

Fornleifanúmer: 2553-25

Hnit: A520045.3 N605753.6

ISN93

Hlutverk: Göngu-garður

Tegund: Tóft

Sveitalangur er forn gögnugarður sem lá um endilangan Svarfaðardalinn. Hann lá rétt vestan við íbúðarhúsin á Syðra-Holti og er þar nú dæld í túngarðinum þar sem leiðin var.¹⁹ Bútur úr garðinum sést um 30 m vestan við vélageymsluna og stefna á skarðið á túngarðinum. Búturinn er um 17 m langur og 2 m breiður. Virðist hann fjara út í báðar áttir síðan en sunnan við hann er ræktað tún.



Mynd 6. Göngugarður, mynd tekinn í norð-austur.

Fornleifanúmer: 2553-26

Hnit: A520048.6 N605766.5 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóft

Skammt norðan við tóftina vestan við vélageysluna byrjar garðlag og liggur það í norð-vestur. Það nær um 25 m í norð-vestur en svo kemur skarð í það og liggur það svo aðra 30 m í norð-vestur en virðist svo fjara út. Garðlagið er um 0,3-0,8 á hæð og breidd um 1-1,7 m.

¹⁹ Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 92.



Mynd 7. Túngarður, mynd tekinn í norð-vestur.

Fornleifanúmer: 2553-27

Hnit: 520065.7 605736.3

ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Leifar af mannvirki voru um 80 m norð-vestur af íbúðarhúsinu eða um 5 m vestur af vélaskemmu. Ekki er hægt að greina lögun tóftarinnar en hún virðist vera um 12,5 m á lengd og 6,5 m á breidd.



Mynd 8. Leifar af mannvirki, mynd tekinn í norð-austur.

Ytra-Holt:

Engar skráðar fornleifar voru nærri framkvæmdasvæðinu né fundust nokkrar nýjar við fornleifaskráningu.

Hrafnstaðakot:

Fornleifanúmer: 2553-28

Hnit: A520409.8 N606827.2 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Í kringum 80 m í suð-austur frá íbúðarhúsinu á Hrafnstaðakoti var útihús samkvæmt túnakortinu. Ekkert sést til tóftar í túni.

Hrafnstaðir:

Fornleifanúmer: 2553-29

Hnit: 520457.3 606910.2

ISN93

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Heimild

Bæjarstæðið er á sama stað og gamli bærinn stendur í dag. Árið 1930 var nýr bær byggður með kjallara á grunni þess eldra. Hins vegar voru margir veggir gamla bæjarins notaðir og steipt utan um þá. Það eru því góðar líkur á að hluti bæjarhólsins sé óskemmdur undir íbúðarhúsinu.²⁰

Fornleifanúmer: 2553-30

Hnit: A520458.9 N606886.3 ISN93

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Um 10 m sunnan við gamla íbúðarhúsið er heimild um útihús á túnakortinu ekki sjást leifar af því í garðinum.

Fornleifanúmer: 2553-31

Hnit: 520482.2 606905.3

ISN93

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild

Í kringum 7 m austur frá gamla íbúðarhúsinu var sáðreitur á túnakortinu ekki sjást leifar af honum í túni.

Böggvisstaðir:

Engar skráðar fornleifar eru nærri framkvæmdasvæðinu né fundust aðrar við fornleifaskráninguna.

²⁰Adolf, Elín, Hildur, Margrét og Orri, 2000, bls. 80.



— Rafmagnslína

Nafn	HÓLL - BÖGGVISSTAÐIR	Dags.	08.12.2020 hj	Skýringar:
	DALVÍKURBYGGÐ	Mælikv.	1:32000 í A3	
Áætluð lega rafmagnslínunnar frá Hóli til Böggvisstaða í Svarfaðardal.				 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. e521/e522/e531/e532/ gps mælingar frá Loftmyndir ehf. 2019



Nafn	HÓLL - BÖGGVISSTAÐIR	Dags.	Skýringar:
DALVÍKURBYGGÐ	Mælikv. 1:32000 í A3	Fornleifar og heimildir um fornleifar í eða nærri framkvæmdasvæði Rarik í Svarfaðardal frá Hóli til Böggvisstaða.	
BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is e521/e522/e531/e532/ gps mælingar		Unnið eftir mynd nr. frá Loftmyndir ehf. 2019	

5. Samantekt

Þrátt fyrir að mikið sé til að skráðum menningarminjum í Svarfaðardal þá var ekki mikið af minjum sem eru á eða innan 15 m friðhelgunarsvæðið menningarminjanna. Meirihlutinn af þeim minjum sem skráðar voru eru fyrir utan við þessi mörk. Af þeim 31 stöðum sem skráðir voru þá eru aðeins níu sýnilegir á hinum eru aðeins heimildir um menningarminjar. Ástæðan fyrir því er sú að Svarfaðardalur hefur verið mikið landbúnaðarsvæði í gegnum tíðina. Túnasléttun, ræktun og aðrar framkvæmdir hafa átt sér stað og því eldri mannvirki fengið að víkja. Stór hluti af framkvæmdasvæði Raríks liggur í ræktuðum túnnum og því ekki miklar líkur á að finna eitthvað á yfirborðinu á þeim svæðum.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 9. desember 2020.
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. (2000). Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku. Fornleifastofnun Íslands.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimildarmenn:

Einar Hafliðason, 1985, Urðum, Dalvíkurbyggð.

Friðrik Þórarinnsson, 1955, Grund, Dalvíkurbyggð.

Hjálmar Herbertsson, 1967, Steindyr, Dalvíkurbyggð.

Kristján Eldjárn Hjaltason, 1956, Tjarnir, Dalvíkurbyggð.

Sölvi H. Hjaltason, 1952, Hreiðarsstaðir, Dalvíkurbyggð.

Zophonías Ingi Jónmundsson, 1951, Hrafnstaðir, Dalvíkurbyggð.